

3. febrúar 2015

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri
Rangárþingi ytra
Hellu

Efni: umferð vélknúinna farartækja á Ytri Rangá.

Undanfarin sumur hefur borið á því að menn fari á vélknúnum vatnaþotum (sæköttum) um Ytri Rangá. Mikið fuglalíf hefur verið á ánni meðfram spildum undirritaðra, einkum á og við hólma og grynningar sem eru þar víða í ánni. Augljós áhrif hafa orðið á þetta fuglalíf af þeim mikla hávaða og öldugangi sem fylgir þessum hraðskreiðu tækjum. Fjölmargar andategundir eiga sér bústað við ána bæði sumar og vetur og þær eru sérlega viðkvæmar fyrir truflun af völdum hraðskreiðra vélknúinna tækja. Álftir sem áður verptu í hólum hafa horfið á brott á miðju sumri og ekki snúið þangað aftur síðan. Ótrúlegur skaði og varanlegur hefur orðið af nokkurra klukkutíma kvöld- og næturskemmtun.

Einnig ber að hafa í huga að hljóð berst sérlega vel í vatni og því er ekki vafamál að þessi vélknúnu tæki hafa ekki síður áhrif á líf fiska í ánni, einni aflamestu fiskveiðiá landsins.

Við undirrituð skorum hér með á sveitarstjórn Rangárþings ytra að beita sér fyrir banni við umferð vélknúinna tækja á Ytri Rangá til varnar einstakri náttúru hennar og fjölbreyttu fuglalífi. Fordæmi eru fyrir banni af þessu tagi, m.a. í sveitarfélaginu Árborg, en í lögreglusamþykkt Árborgar segir:

III. KAFLI

Umferð um Ölfusá og önnur vatnasvæði í sveitarfélaginu.

24. gr.

Umferð skipa, báta og annarra vatnafarartækja er bönnuð á Ölfusá frá landamörkum Flóahrepps og Árborgar í austri að Kaldaðarneslandi í vestri nema með leyfi lögreglustjóra.

Við teljum mikilvægt að skynsamleg afstaða verði tekin til þessa máls áður en byggð eykst við ána.

Sjá mynd á næstu síðu.

Virðingarfyllst,

Ólöf Helga Guðmundsdóttir, Hjalti Harðarson, Garði, Rangárþingi ytra, Túngötu 35, 101 Rvík
Svanhvít Jóhannsdóttir, Benedikt Benediktsson, Hlyngerði, Rangárþingi ytra, Rauðalæk 69,
105 Rvík

Anna Haukdal, Sigurður Haukdal, Tjarnarnesi, Rangárþingi ytra, Boðarþingi 22, 203 Kópavogi
Margrét Júlíusdóttir, Viðar Guðjohnsen, Heklumörk, Rangárþingi ytra, Mörkinni 8, 108 Rvík



"Sæköttur" (e. jet-ski) á fullri ferð milli hólma í Ytri Rangá.